

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

um fyrirsva í formi orðsendingaskipta
milli Íslands og Noregs

A. Orðsending frá Noregi

Utanríkisráðuneyti Konungsríkisins Noregs vottar utanríkisráðuneyti Íslands virðingu sína og veitist sá heiður, að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglur), sem öðlaðist gildi 5. apríl 2010, að leggja til að lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur geri með sér samning um fyrirsva vegna Schengen-vegabréfsáritana í samræmi við 8. gr. vegabréfsáritunarreglnanna. Samningur þessi kemur í stað fyrri fyrirsvassamninga milli Íslands og Noregs um vegabréfsáritanir sem gerðir voru með orðsendingaskiptum milli samningsaðila og telst slitið frá gildistökudegi þessa samnings.

1. Umfang fyrirsvars.

Noregur tekur að sér fyrirsva fyrir Ísland á eftirtöldum stöðum:

Alsír	Algeirsborg
Angóla	Lúanda
Argentína	Búenos Aíres
Aserbaísjan	Bakú
Ástralía	Canberra
Brasilía	Brasilía
	Río de Janeiro
Króatía	Zagreb
Jórdanía	Amman
Kósovó	Pristína
Líbanon	Beirút
Malaví	Lílongve
Nepal	Katmandú
Nígería	Abúja
Filippseyjar	Manila
Suður-Súdan	Juba (er sem stendur ekki opið vegna lokunar á norsku vegabréfs- áritunardeildinni)
Srí Lanka	Kólombó
Súdan	Kartúm
Úganda	Kampala
Úkraína	Kíev
Sameinuðu arabísku furstadæmin	Abú Dabí
Bandaríki Ameríku	Houston
	San Francisco

2. Gildissvið fyrirsvars.

Samningurinn felur í sér afgreiðslu umsókna í A-, C- og D-flokki eins og skilgreint er í Schengen-réttarreglunum.

Fyrirsva vegna umsókna um vegabréfsáritun í A- og C-flokki skal fela í sér:

- upplýsingar til almennings, eftir því sem við á,
- viðtöku umsókna og, ef nauðsyn krefur, lífkennaupplýsinga í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfs-áritunarreglunum,
- meðferð umsókna um vegabréfsáritanir og útgáfu vegabréfsáritana í samræmi við gr. 8.1 í vegabréfsáritunarreglunum,

4. synjun um vegabréfsáritanir í kjölfar meðferðar umsóknar í samræmi við d-lið gr. 8.4, sbr. 32. gr. vegabréfsáritunarreglnanna,
5. kærur í samræmi við gr. 32.3 í vegabréfsáritunarreglunum.

Sendiskrifstofan sem veitir fyrirsvar gefur einungis út vegabréfsáritanir í D-flokki ef umsækjandinn hefur þegar lagt umsókn sína fram beint hjá Útlendingastofnun Íslands og sú stofnun hefur óskað eftir því að sendiskrifstofan gefi út vegabréfsáritun í D-flokki. Samningur þessi felur ekki í sér útgáfu vegabréfsáritana í D-flokki vegna búferlaflutninga flóttamanna.

Óheimilt er að gefa út vegabréfsáritun með takmarkað gildissvæði (VLTV) án heimildar íslenskra stjórnvalda. Þetta á þó ekki við ef takmörkunin kemur eingöngu til vegna þess að Schengen-aðildarríkin hafa ekki öll viðurkennt ferðaskilríkin, sbr. vegabréfsáritunarreglurnar, nema það sé Ísland sem viðurkennir ekki ferðaskilríkin.

3. Skilyrði varðandi fyrirsvar.

Innheimta skal gjöld fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir í samræmi við vegabréfsáritunarreglurnar og norskar reglur. Noregur á rétt á öllum gjöldum fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir. Þar fyrir utan mun Ísland ekki greiða Noregi neina uppbótargreiðslu fyrir afgreiðslu umsókna um vegabréfsáritanir.

Noregi er heimilt að festa vegabréfsáritanir á öll ferðaskilríki sem bæði íslensk og norsk stjórnvöld viðurkenna.

Þýða ætti fylgiskjöl með umsókn um vegabréfsáritun, ef nauðsyn krefur, á eitt af þeim vinnutungumálum sem sendiskrifstofan, sem gefur vegabréfsáritunina út, notar. Umsækjendur um vegabréfsáritun skulu standa straum af kostnaði við þýðinguna.

Ef fram koma spurningar, einkum í tengslum við boðsaðila eða ábyrgðaraðila, er sendiskrifstofu Noregs heimilt að hafa samband við miðlægan tengilið Íslands eða tengilið þess á staðnum. Skrá yfir tengiliði má finna í 1. viðauka.

Ef sendiskrifstofan er í vafa um hvort gefa ætti út vegabréfsáritun eða ekki er umsóknin send til Útlendingastofnunar Noregs þar sem tekin er endanleg ákvörðun um hana innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 23. gr. vegabréfsáritunarreglnanna.

Í þeim tilvikum þar sem ríkisfang krefst samráðs annast Ísland samráðið.

Erlenda sendiskrifstofan skal skoða, í samræmi við almenna starfshætti norsku sendiskrifstofunnar og á sama grundvelli og tíðkast gagnvart aðilum í sambærilegum flokki hjá henni, hvort umsækjendur eigi rétt á að njóta flýtimeðferðar. Flýtimeðferð getur varðað aðgang til að leggja fram umsóknir, gildistíma ákvörðunar, mildari kröfur vegna fylgiskjala og útgáfu vegabréfsáritana sem gilda fyrir fleiri en eina komu með gildistíma frá sex mánuðum til fimm ára.

Þegar Útlendingastofnun Íslands óskar eftir því að norsk sendiskrifstofa gefi út vegabréfsáritun í D-flokki framsendir stofnunin allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi umsækjandann til að sendiskrifstofan geti kannað deili á einstaklingnum áður en hún gefur út vegabréfsáritun. Í þessu felst mynd af umsækjandanum og upplýsingar sem gera sendiskrifstofunni kleift að taka grunnviðtal við umsækjandann. Umsækjandinn þarf að panta tíma hjá sendiskrifstofunni sem veitir fyrirsvar áður en hann mætir þangað.

Noregi er heimilt að eiga samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila á fleiri en einum stað, í samræmi við og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í vegabréfsáritunarreglunum. Noregur upplýsir Ísland ef um er að ræða skipulagt samstarf við utanaðkomandi þjónustuaðila sem hefur áhrif á samninga um fyrirsvar.

Senda skal tölfraðilegar upplýsingar er varða útgefna vegabréfsáritanir árlega og fyrir næstliðið ár ætti að leggja þær fram í febrúar á næsta ári á eftir.

Samþykkja má með óformlegum hætti hagnýt skilyrði varðandi framkvæmd samnings þessa.

4. Tímalengd fyrirvars og verklagsreglur við uppsögn þess.

Samningur þessi er gerður til ótiltekins tíma og gildir frá 1. september 2017. Fresta má beitingu samnings þessa í heild eða að hluta eða segja honum upp hvenær sem er með orðsendingaskiptum.

Fallist íslensk stjórnvöld á framangreint veitist utanríkisráðuneytinu sá heiður að leggja til að orðsending þessi og svar utanríkisráðuneytis Íslands verði ígildi samnings milli ríkjanna tveggja.

Utanríkisráðuneyti Konungsríkisins Noregs notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneytið enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Ósló, 2. maí 2017

Utanríkisráðuneyti Íslands

R E Y K J A V Í K

B. Orðsending frá Íslandi

Tilv.: UTN17040034/31.L.001; 31.D.001

Utanríkisráðuneyti Íslands vottar utanríkisráðuneyti Konungsríkisins Noregs virðingu sína og veitist sá heiður að vísa til svohljóðandi orðsendingar þess síðarnefnda frá 2. maí 2017:

[Sjá texta í A-hluta hér að framan]

Utanríkisráðuneyti Íslands veitist sá heiður að upplýsa utanríkisráðuneyti Konungsríkisins Noregs um að það samþykki tillögu ráðuneytisins og skilmála framangreindrar afritaðrar orðsendingar sem skal, ásamt þessari orðsendingu, teljast vera samningur milli Konungsríkisins Noregs og Lýðveldisins Íslands um fyrirvar vegna vegabréfsáritana í samræmi við 8. gr. vegabréfsáritunarreglnanna. Samningur þessi öðlast gildi 1. september 2017.

Utanríkisráðuneyti Íslands notar þetta tækifæri til þess að fullvissa utanríkisráðuneyti Konungsríkisins Noregs enn á ný um fyllstu virðingu sína.

Utanríkisráðuneytinu
Reykjavík, 19. maí 2017

Utanríkisráðuneyti Konungsríkisins Noregs

Ó S L Ó

I. VIÐAUKI

Viðeigandi íslensk stjórnvöld:

Tengiliðir í Útlendingastofnun Íslands

Yfirmaður Schengen-vegabréfsáritana: +354 444 0930

Tölvupóstfang fyrir deild vegabréfsáritana: hildurr@utl.is, utl@utl.is

Viðeigandi norsk stjórnvöld:

Tengiliðir í Útlendingastofnun Noregs

Yfirmaður Schengen-vegabréfsáritana: +47 21 49 30 66

Tölvupóstfang fyrir deild vegabréfsáritana: visumservice@udi.no

Alsír

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Alsír

Sími: +47 2395 5500

Tölvupóstfang: emb.alger@mfa.no

Angóla

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Lúanda

Sími: +244-222-449936/447522-447922

Tölvupóstfang: emb.luanda@mfa.no

Argentína

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Búenos Aíres

Sími: +47 2395 4400

Tölvupóstfang: emb.buenos.aires@mfa.no

Aserbaísjan

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Bakú

Sími: +47 2398 1800

Tölvupóstfang: emb.baku@mfa.no

Ástralía

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Canberra

Sími: +47 2395 8900

Tölvupóstfang: emb.brasilia@mfa.no

Brasília

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Brasíliu

Sími: +55 61 3 443 8720/22/91

Tölvupóstfang: emb.brasilia@mfa.no

Aðalræðisskrifstofa Konungsríkisins Noregs í Ríó de Janeiro

Sími: +47 2395 4800

Tölvupóstfang: cg.riodejaneiro@mfa.no

Króatía

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Zagreb

Sími: +47 2395 4900

Tölvupóstfang: emb.zagreb@mfa.no

Jórdanía

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Amman

Sími: +47 2224 0465/6

Tölvupóstfang: emb.amman@mfa.no

Kósovó

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Prishtína

Sími: +47 2395 3200

Tölvupóstfang: emb.prishtina@mfa.no

Líbanon

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Beirút

Sími: +47 2395 3581

Tölvupóstfang: emb.beirut@mfa.no

Malaví

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Lílóngve

Sími: +265 1 774211

Tölvupóstfang: emb.lilongwe@mfa.no

Nepal/Indland

Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Nýju-Delí (fyrir Nepal/Katmandú)

Sími: +47 2395 8700

Tölvupóstfang: emb.newdelhi@mfa.no

Nígería
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Abúja
Sími: +234 9 291 54 29
Tölvupóstfang: emb.abuja@mfa.no

Filippseyjar
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Manila
Sími: +47 2395 4700
Tölvupóstfang: emb.manila@mfa.no

Suður-Súdan
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Juba
Sími: +47 2155 5245
Tölvupóstfang: emb.juba@mfa.no

Srí Lanka
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Kólombó
Sími: +47 2395 5100
Tölvupóstfang: emb.juba@mfa.no

Súdan
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Kartúm
Sími: +47 2395 2100
Tölvupóstfang: emb.khartoum@mfa.no

Úganda
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Kampala
Sími: +47 2395 3000
Tölvupóstfang: emb.kampala@mfa.no

Úkraína
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Kíev
Sími: +47 2395 5700
Tölvupóstfang: emb.kyiv@mfa.no

Sameinuðu arabísku furstadæmin
Sendiráð Konungsríkisins Noregs í Abú Dabí
Sími: +971 240 38400
Tölvupóstfang: emb.abudhabi@mfa.no

Bandaríkin
Aðalræðisskrifstofa Konungsríkisins Noregs í New York (fyrir San Francisco og Houston)
Símanr. +47 – 2395 4500
Tölvupóstfang: cg.newyork@mfa.no

AGREEMENT
on Visa Representation in the form of an Exchange of Notes
between Iceland and Norway

A. Note verbal from Norway

The Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs presents its compliments to the Ministry for Foreign Affairs of Iceland and, with regard to Regulation (EC) No. 810/2009 of the European Parliament and of the Council of 13 July 2009 establishing a Community Code on Visas (Visa Code), which entered into force on April 5th, 2010, has the honour to propose that the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway enter into an agreement on Schengen visa representation in accordance with Article 8 of the Visa Code. This agreement shall supersede the earlier visa representation agreements between Iceland and Norway, established by exchange of verbal notes between the parties to the agreements, which shall be considered as terminated from the date of coming into force of this agreement.

1. Extent of the representation

Norway represents Iceland at the following locations:

Algeria	Alger
Angola	Luanda
Argentina	Buenos Aires
Azerbaijan	Baku
Australia	Canberra
Brasil	Brasilia
	Rio de Janeiro
Croatia	Zagreb
Jordan	Amman
Kosovo	Phristina
Lebanon	Beirut
Malawi	Lilongwe
Nepal	Kathmandu
Nigeria	Abuja
Philippines	Manila
South Sudan	Juba (currently not operational due to closure of the Norwegian visa section)
Sri Lanka	Colombo
Sudan	Khartoum
Uganda	Kampala
Ukraine	Kiev
United Arab Emirate	Abu Dhabi
USA	Houston
	San Francisco

2. Scope of the representation

The agreement includes the handling of visa applications in category A, C and D as defined in the Schengen acquis.

The representation for visa applications in category A and C shall include:

1. Information to the public where appropriate
2. The collection of applications and, if necessary, biometric data in accordance with Article 8.1. of the Visa Code;
3. The examination of visa applications and the issuing of visas in accordance with Article 8.1. of the Visa Code;

4. Refusal of visas after examination of the application in accordance with Article 8.4. (d), cf. art. 32, of the Visa Code.
5. Appeals being conducted in conformity with Article 32.3 of the Visa Code

The representing Mission will only issue D-visas where the applicant has already submitted their application directly to the Icelandic Directorate of Immigration and this directorate has requested that the Mission issues a D-visa. The agreement does not include the issuance of D-visas for the resettlement of refugees.

No visa with limited territorial validity (VLT) can be issued without authorization from Icelandic authorities. However, this does not apply if the limitation is solely due to the fact that not all Schengen Member States recognize the travel document; cf. the Visa Code, unless it is Iceland that does not recognize the travel document.

3. Conditions of the representation

Fees for the visa applications are to be charged in accordance with the Visa Code and in accordance with the Norwegian regulations. Norway is entitled to all visa fees. Besides from that Iceland will not give any financial compensation to Norway for handling the visa applications.

Norway shall be authorized to affix visas to all travel documents recognized by both Icelandic and Norwegian authorities.

Supporting documents for the visa application, if necessary, should be translated into one of the working languages used by the issuing mission. Costs of the translation will be covered by the visa applicants.

In the event of questions, in particular related to the inviting party or sponsor, the Norwegian Mission may contact the central and/ or local contact point of Iceland. A list of contact points can be found in Annex 1.

If the Mission is in doubt whether or not a visa should be issued, the application will be submitted to the Norwegian Directorate of Immigration for them to take the final decision on the application within the time limits set by article 23 of the Visa Code.

For nationalities for which consultation is required, the consultation shall be executed by Iceland.

In line with the general practice of the Norwegian Mission and on equal terms as the practice toward parties in its own similar category, the Foreign mission shall consider if applicants are eligible to benefit from facilitated procedure. Facilitation may relate to the provision of access for submission of applications, the duration of a decision, leniency concerning supporting documents and the issuance of multiple entry visa with a period of validity ranging from six months to five years.

When the Icelandic Directorate of Immigration request that a Norwegian Mission issues a D-visa the directorate will forward all necessary information regarding the applicant in order for the Mission to control the identity of the person before issuing visa. This include a picture of the applicant and information enabling the Mission to perform a basic interview with the applicant. The applicant will have to make an appointment with the representing Mission before appearing at the Mission.

Norway may work with an external service provider at one or more locations, in accordance with and under the conditions stipulated by Visa Code. Norway informs Iceland in case of planned cooperation with an external service provider where representing agreements are affected.

Statistics concerning visas issued in representation shall be sent on a yearly basis and, for the past year, should be provided in February the following year.

Further practical conditions of implementation of this agreement may be agreed upon informally.

4. Duration of the representation and termination procedure

This agreement is concluded for an unlimited period of time and will start from September 1, 2017. The application of this agreement may be suspended wholly or partly, or terminated at any time by the exchange of verbal notes.

If the foregoing is acceptable for the Icelandic authorities, the Ministry of Foreign Affairs has the honor to suggest that the present verbal note and reply from the Ministry for Foreign Affairs of Iceland shall constitute an agreement between the two states.

The Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs avails itself of the opportunity to renew to the Ministry for Foreign Affairs the assurances of its highest consideration.”

Oslo, May 2, 2017

Ministry for Foreign Affairs for Iceland

R E Y K J A V Í K

B. Note verbal from Iceland

Ref.: UTN17040034/31.L.001; 31.D.001

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs and has the honour to refer to the latter's note dated 2 May 2017 which reads as follows:

[See text as above in A.]

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland has the honour to inform the Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs that it accepts the Ministry's proposal and agrees with the terms of the above transcribed note, which together with this note shall constitute an agreement between the Kingdom of Norway and the Republic of Iceland on visa representation in accordance with Article 8 of the Visa Code. The agreement shall enter into force on 1 September 2017.

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland avails itself of this opportunity to renew to the Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs the assurances of its highest consideration.

Ministry for Foreign Affairs
Reykjavík, 19 May 2017

Royal Norwegian Ministry of Foreign Affairs

O S L O

ANNEX I

Relevant Icelandic Authorities:

Contact points in the Icelandic Directorate of Immigration

Executive officer Schengen visas: +354 444 0930

E-mail address to Visa Unit: hildurr@utl.is, utl@utl.is

Relevant Norwegian Authorities:

Contact points in the Norwegian Directorate of Immigration

Executive officer Schengen visas: +47 21 49 30 66

E-mail address to Visa Unit: visumservice@udi.no

Algeria

Royal Norwegian Embassy in Alger

Tel.: +47 2395 5500

E-Mail: emb.alger@mfa.no

Angola

Royal Norwegian Embassy in Luanda

Tel.: +244 222 449936/447522/447922

E-Mail: emb.luanda@mfa.no

Argentina

Royal Norwegian Embassy in Buenos Aires

Tel.: +47 2395 4400

E-Mail: emb.buenos.aires@mfa.no

Azerbaijan

Royal Norwegian Embassy in Baku

Tel.: +47 2398 1800

E-Mail: emb.baku@mfa.no

Australia

Royal Norwegian Embassy in Canberra

Tel.: +47 2395 8900

E-Mail: emb.brasilia@mfa.no

Brasil

Royal Norwegian Embassy in Brasilia

Tel.: +55 61 3 443 8720/22/91

E-Mail: emb.brasilia@mfa.no

Royal Norwegian Consulate General in Rio de Janeiro

Tel.: +47 2395 4800

E-Mail: cg.riodejaneiro@mfa.no

Croatia

Royal Norwegian Embassy in Zagreb

Tel.: +47 2395 4900

E-Mail: emb.zagreb@mfa.no

Jordan

Royal Norwegian Embassy in Amman

Tel.: +47 2224 0465/6

E-Mail: emb.amman@mfa.no

Kosovo

Royal Norwegian Embassy in Prishtina

Tel.: +47 2395 3200

E-Mail: emb.prishtina@mfa.no

Lebanon

Royal Norwegian Embassy in Beirut

Tel.: +47 2395 3581

E-Mail: emb.beirut@mfa.no

Malawi

Royal Norwegian Embassy in Lilongwe

Tel.: +265 1 774211

E-Mail: emb.lilongwe@mfa.no

Nepal/India

Royal Norwegian Embassy in New Delhi (for Nepal/Kathmandu)

Tel.: +47 2395 8700

E-Mail: emb.newdelhi@mfa.no

Nigeria

Royal Norwegian Embassy in Abuja

Tel.: +234 9 291 54 29

E-Mail: emb.abuja@mfa.no

Philippines

Royal Norwegian Embassy in Manila

Tel.: +47 2395 4700

E-Mail: emb.manila@mfa.no

South Sudan

Royal Norwegian Embassy in Juba

Tel.: +47 2155 5245

E-Mail: emb.juba@mfa.no

Sri Lanka

Royal Norwegian Embassy in Colombo

Tel.: +47 2395 5100

E-Mail: emb.colombo@mfa.no

Sudan

Royal Norwegian Embassy in Khartoum

Tel.: +47 2395 2100

E-Mail: emb.khartoum@mfa.no

Uganda

Royal Norwegian Embassy in Kampala

Tel.: +47 2395 3000

E-Mail: emb.kampala@mfa.no

Ukraine

Royal Norwegian Embassy in Kyiv

Tel.: +47 2395 5700

E-Mail: emb.kyiv@mfa.no

United Arab Emirate

Royal Norwegian Embassy in Abu Dhabi

Tel.: +971 240 38400

E-Mail: emb.abudhabi@mfa.no

USA

Royal Norwegian Consulate General in New York (for San Francisco & Houston)

Tel. +47 2395 4500

E-Mail: cg.newyork@mfa.no